

Fundur innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, (stærri), mánudaginn 24. Janúar 2022, kl 13.30, haldinn í fjarfundi.

Á fundinn eru boðaðir aðal og varamenn innviðanefndar auk formanns stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Mætt voru. Iða Marsibil Jónsdóttir, formaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Jón Gísli Jónsson og Sigurður Hreinsson sem aðalmenn. Arinbjörn Bernharðsson, Marzeliúus Sveinbjörnsson, Samúel Kristjánsson og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir sem varamenn. Forföll boðaði Sif Huld Albertsdóttir. Auk þess sátu fundinn Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðþróunar Vestfjarðastofu sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins.

1. Staða á vinnu að Innviðaaáætlun Vestfjarða.
2. Skipulag funda innviðanefndar 2022 m.a. með Vegagerð
3. Skýrsla KPMG. Jarðgöng á Vestfjörðum – samfélagsleg greining
4. Opinn kynningarfundur um Jarðgangaáætlun Vestfjarða og Jarðgangaáætlun Vestfjarða – samfélagsgreining.

Formaður sett fundinn og kynnti að hér væri fyrsti fundur Innviðanefndar samkvæmt breytingum á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga á 66. Fjórðungsþingi Vestfirðinga. Nefndin tekur við málefnum Samgöngu og fjarskiptanefndar, einnig væru orkumál og flutningsmál raforku hluti af málavíði nefndarinnar

Fundur settur og gengið til dagskrár.

1. Staða vinnu að Innviðaaáætlun Vestfjarða.

Sviðsstjóri kynnti stöðu á vinnu að Innviðaaáætlun Vestfjarða þar sem fjallað er um samgöngumál og orkumál og forgangsröðun verkefna. Haldnir hafa verið fundir með öllum sveitarfélögum nema Árneshreppi frá síðasta hausti og fram í janúar á þessu ári. Stefnt er að drög liggi fyrir í byrjun febrúar og verði þá send Innviðanefnd til umsagnar.

Formaður gaf orðið laust, til máls tóku Samúel, Sigurður, Jóhann og Iða.

2. Skipulag funda Innviðanefndar 2022 m.a. með Vegagerð

Formaður gerði að tillögu að nefndin myndi funda mánaðarlega fram að kosningum, fundur í febrúar yrði með Vegagerðinni. Stækkuð nefnd yrði kölluð saman við afgreiðslu Innviðaaáætlunar Vestfjarða.

Tillagan samþykkt.

Mættur til fundar, Sævar Kristinsson, sérfræðingur KPMG

3. Skýrsla KPMG. Jarðgöng á Vestfjörðum – samfélagsleg greining

Fjórðungssamband Vestfirðinga réði KPMG á síðasta hausti til að vinna greiningu á samfélagslegum áhrifum jarðganga á Vestfjörðum. Til skoðunar voru áhrif jarðgangakosta sem tilgreindir eru í skýrslu Hreins Haraldssonar, Jarðgangáætlun Vestfjarða sem kom út í maí á síðasta ári.

Sævar kynnti efni skýrslunnar en drög að henni voru kynnt á 66. Fjórðungsþingi Vestfirðinga í lok október s.l..

Formaður þakkaði Sævari kynninguna og óskaði eftir viðbrögðum nefndarmanna við skýrslunni.

Til máls tóku Samúel, Guðbjörg, Þórkatla, Iða, Marzelíus og Jóhanna

Sviðsstjóra falið að taka sjónarmið nefndarmanna í vinnu að gerð Innviðaaætlun Vestfjarða og kynningu efni hennar.

Sævar vék af fundi.

Formaður gerði tillögu um að innviðanefnd samþykkti efni skýrslunnar og afgreiddi til stjórnar Fjórðungssambands. Tillagan samþykkt.

4. Opinn kynningarfundur um Jarðgangaáætlun Vestfjarða og Jarðgangaáætlun Vestfjarða - samfélagsgreining.

Formaður kynnti að tillögu hennar og formanns Fjórðungssambands Vestfirðinga væri boðað til opins kynningarfundar 27. janúar n.k., í fjarfundi, um Jarðgangaáætlun Vestfjarða og Jarðgangaáætlun Vestfjarða – samfélagsgreining,

Á fundinum yrði efni þessara skýrslna kynnt og þær afhentar innviðaráðherra og formanni umhverfis og samgöngunefndar. Til fundarins væri boðið sveitarstjórnnum á Vestfjörðum, þingmönnum NV kjördæmis og samgönguráðs, en fundurinn væri að öðru leyti opinn öllum áhugasömum aðilum. Dagskrá fundarins yrði sem hér segir.

- Opnun fundar - Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu
 - Jarðgangnaáætlun Vestfjarða - Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar hjá Vestfjarðastofu
 - Jarðgöng á Vestfjörðum – Samfélagsgreining - Sævar Kristinsson, KPMG
 - Iða Marsibil Jónsdóttir, formaður innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga afhendir innviðaráðherra og formanni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis skýrslunnar.
- Ávörp:
- Sigurður Ingi Jóhannesson, innviðaráðherra
 - Vilhjálmur Árnason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00